

Árสปing Tennissambands Íslands 2012 haldið þriðjudaginn 24. apríl 2012 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardalnum á 3.hæð

1. Þingsetning kl. 18:30.

Helgi bauð fulltrúa velkomna

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Hafsteinn kosinn fundarstjóri

Bragi kosinn fundarritari

3. Kosnar fastar nefndir:

a) 3 menn í kjörbréfanefnd.

Rakel, Indriði og Jónas

Samþykkt að hafa eina málsstofu og því var ekki kosið sérstaklega í neðangreindar nefndir.

b) 3 menn í fjárhagsnefnd.

c) 3 menn í laga- og leikreglanefnd.

d) 3 menn í allsherjarnefnd.

e) 3 menn í kjörnefnd.

Þingið var boðað var með 6 vikna fyrirvara, en fram kom að ekki fengu allir boð frá forsvarsmönnum sinna félaga.

4. Skýrsla stjórnar og fundargerð síðasta ársþings.

Helgi flutti skýrslu stjórnar sem er að finna í ársskýrslunni

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Þrándur gerði grein fyrir reikningum.

Tveir liðir í efnahagsreikningi. Aðrar kröfur 1.296.507 kr. hafa lengi verið inni. Færslur vegna ýmissa mála frá 2008 og 2009 sem á eftir að gera upp. Ógreiddur kostnaður stendur í 1.090.368 kr. og er staða vegna færslna frá árinu 2008 sem þarf að gera upp á sambærilegan hátt. Næsta gjaldkera verði falið að leiðrétta þessi atriði, svo reikningur ársins 2012 gefi glögga mynd af afkomu þess.

Meðvituð ákvörðun að reka árið 2011 með tapi vegna mikilla verkefna og rekstrarafgangs frá fyrra ári.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Raj: Hrósaði stjórn fyrir fræðslu- og útbreiðslustarf. Margt gert á árinu 2011.

Há gjöld til Evrópusambandanna, hálf milljón. Fáum meira frá alþjóðatennissambandinu heldur en frá Evrópusambandinu. Hvetur stjórn til að fá lækkun á gjöldum til Evrópusambandsins. Vel unnið í fyrra.

Helgi: ITF og Tennis Europe eru sennilega mjög samantvinnuð og erfitt að eiga við hvorn aðila í sínu lagi, því þeir tala saman. Skoðum málin í næstu stjórn.

Kjörbréf samþykkt(innan sviga eru þeir sem ekki mættu)

Fjölur

Óskar Knudsen

Rakel Pétursdóttir

Karóla Frank

(Anna Podolska)

Þróttur

Indriði H. Þorláksson

Guðmundur Björnsson
Berglind Bragadóttir
Bragi L. Hauksson
Þrándur Arnþórsson

Víkingur
Stefán Vilhelmsson (þurfti að yfirgefa þingið snemma)
Raj Bonifacius

UMSK/TFK
Jón Axel Jónsson
Júlíana Jónsdóttir
Jónas Páll Björnsson
Gunnar Finnbjörnsson
Björn Jónsson
Helgi Þór Jónasson
(Einar Óskarsson)
(Lene Grönholm)
(Ásta Margrét Kristjánsdóttir)

ÍBH
Rut Ólafsdóttir
Elísabet Ólafsdóttir

Skýrsla stjórnar og reikningar borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Þingforseti, Hafsteinn, beindi því til stjórnar að útbúið yrði áritað eintak af reikningum, með athugasemdum skoðunarmanna, til þess að senda til stjórnar og jafnframt að henda núlllínunum úr reikningum svo þeir séu læsilegri.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Framlög ríkis óbreytt. Lottótekjur svipaðar. Þróunarstyrkir frá ITF. Ferðastyrkir vegna U-12 og U-14. Raket spurði um styrkina sem eru frá ÍSÍ, Áskorendamótin, þar er keypt rými inni í höll.

Indriði spyr um kostnað við mótahald. Hann lækkar á milli ára, en er betur sundurliðaður í áætlun.

Spurt um búninga fyrir stúlkur.
Spurt um boltakaup fyrir afreksfólk.
Helgi svarar að það ætti að rúmast innan áætlunar.

Jónas bendir á að hluti af því keypt er undir áskorendamótin nýtist í landsliðsæfingar.

Þrándur bendir á sundurliðun í stöðulista.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

7. Lagðar fram tillögur um laga- og leikreglnabreytingar ef fram koma.

Engar.

8. Umræður um tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

Lagt til að stjórn skipi nefnd um afreksstefnu. Stjórn velji nefndarmenn og hve margir þeir verði.

9. Nefndarálit um tillögur lögð fram og atkvæðagreiðslur um þær.

Tillögur úr lið 8, samþykktar samhljóða.

10. Önnur mál.

Raj: Reglur fyrir 10 ára og yngri hafa breyst. Kemur frá alþjóðatennissambandinu. Verða að nota öðruvísi bolta. Undir 12 ára ættu að nota aðra bolta en fullorðnir. Vísað til stjórnar.

Rut Ólafsdóttir: Ungir krakkar keppa of mikið. Keppnisdagur of langir. Of mikið álag á krakkana og getur valdið meiðslum.

Fram kom í umræðum að skoða þarf reglur alþjóðasambandsins, sem hafa að einhverju leyti verið dauður bókstafur hér. Stjórn TSÍ mun skoða þetta.

Rakel: Áður máttu krakkar bara keppa í 2 eða 3 flokkum. Reglum um fjölda þátttakenda sem þurfa að vera í hverjum flokki hefur ekki verið fylgt.

Raj: Það eru reglur hjá alþjóðasambandinu um hve mikið krakkar mega keppa upp fyrir sig.

Guðmundur: Telur einsýnt að við þurfum að fylgja alþjóðareglum.

Jónas: Telur mikilvægt að krakkar geti keppt í meistaraflokki, en sleppi þá yngri flokkunum og þá fá aðrir séns þar.

Jónas: Varðandi styrki til efnilegra tennisleikara, þá er of seint að styrkja þá eftir 18 ára aldur.

Gunnar: Telur að vel sé haldið utan um krakkana, en svo sé lítil stuðningur eftir 16-18 ára aldur.

Raj

Hafsteinn: Litlir sjóðir hjá ÍSÍ sem hægt er að sækja í.

Karóla: Þjálfarar fréttu seinast hverjir eru sendir til útlanda.

Rut Ólafsdóttir: Barnamót mjög seint á kvöldin í tennishöllinni. Tennishöllin er einkafyrirtæki og leigja þarf út tíma.

Fráhrindandi þegar krakkar þurfa að spila langt fram eftir kvöldi. Þarf að sækja og skutla. Borguð mótsgjöld, en samt þarf að bíða og bíða eftir því að komast að. Betra að dreifa mótunum á fleiri helgar.

Jónas: Tennishöllin gefur kvöldtímana í mót. Fleiri félög mættu gefa tíma í mótin. Vandamál að 9 mánuði á ári er aðeins hægt að spila í höllinni.

Bragi: Það er hægt að spila mun meira en gert er utanhúss. T.d. hægt að spila 6-9 mánuði utanhúss á Þróttarvöllunum og því hægt að létta talsvert á höllinni.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga og fulltrúa á íþróttaping.

Helgi sjálfkjörinn formaður.

Þrándur og Bragi sjálfkjörnir til 2 ára í aðalstjórn.

Gunnar og Júlíana sitja áfram, þar sem þau voru kjörin til tveggja ára í fyrra.

Jónas, Jón Axel og Raj sjálfkjörnir

Guðmundur og Indriði kjörnir skoðunarmenn reikninga.

12. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

Ritara í samráði við stjórn falið að ganga frá þingfundargerð og dreifa til félaga.

13. Þingslit.

Helgi þakkaði fyrir skemmtilegt þing og sagðist hafa punktað niður ca. 10 punkta til skoðunar fyrir stjórn.

Hafsteinn þakkaði samstarfið á þinginu og sleit því um kl. 20:30.